

A 1773/hállbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um

þingmannatillögu um norrænt samstarf um nýtingu kolefnisviðtaka í því skyni að auka skilvirkni í starfi að loftslagsmálum**Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að beita sér fyrir því að í loftslagsstefnum norrænu landanna sé lögð áhersla á að auka hlut kolefnisviðtaka í baráttunni gegn loftslagsbreytingum

að beita sér fyrir því að Norðurlöndin myndi sér sameiginlega afstöðu til kolefnisjöfnunar með kolefnisviðtökum og kolefnisbirgðum, auk þess að vinna að því á norrænum vettvangi og innan ESB að þessi markmið verði fléttuð inn í alþjóðlega samkomulagið um loftslagsmál

að vinna með hlutaðeigandi aðilum að því að þróa viðskiptalíkön sem hafa þann tilgang að auka fjárfestingar og efla samstarf í tengslum við bindingu og upptöku kolefnis með langtíma verðmætasköpun í huga sem hlytist af þróun, prófun og innleiðingu aðferða við bindingu kolefnis

Bakgrunnur

Loftslagsbreytingar eru helsta áskorunin sem mannkynið stendur frammi fyrir. Þær hafa skjót og afdrifarík áhrif á vistkerfi jarðarinnar. Dæmi um afleiðingar loftslagsbreytinga sem munu verða æ algengari í heiminum, einnig á Norðurlöndum, eru öfgafull fyrirbæri eins og skógareldar í Svíþjóð og hitabylgjan sumarið 2018.

Loftslagsbreytingar eru hnattrænn vandi og því nauðsynlegt að taka á honum á hnattrænum vettvangi. Markmið loftslagssamkomulagsins sem gert var í París er að halda hnattrænni hlýnun innan við 2 gráður miðað við hitastig fyrir iðnvæðingu en aukamarkmið er að hlýnunin fari ekki yfir 1,5 gráður. Samkvæmt fjölmörgum spám verður ekki unnt að ná þessum markmiðum með þeim aðgerðum sem nú er beitt. Hætt er við að mikil fólksfjölgun, hraður hagvöxtur, aukin umferð og aukin framleiðsla í vaxandi hagkerfum heimsins muni skila sér í aukinni kolefnislosun á hnattræna vísu, hvað sem loftslagssamningum og öðrum aðgerðum líður. Að auki minnkuðu líkurnar á því að settum markmiðum verði náð þegar Bandaríkin drógu sig út úr samkomulaginu.



Í Parísarsamningnum segir að ein áhrifaríkasta leiðin til að draga úr losun koldíoxíðs út í andrúmsloftið, auk takmarkana á losun, sé að binda kolefni í gróður sem er náttúrulegur kolefnisviðtaki. Magn kolefnis í andrúmsloftinu er þegar um 100 milljörðum tonna of mikið og það eina sem getur dregið úr því eru stórir skógar.

Algengustu aðferðirnar til að sporna gegn loftslagsbreytingum grundvallast eins og er á því að auka orkunýtni og hlutdeild endurnýjanlegrar orku.

Loftslagsmarkmiðunum verður ekki náð með því að draga úr losun á tilteknum sviðum. Því þarf að hvetja lönd og fyrirtæki til að kolefnisjafna losun sína og draga úr beinni losun. Þannig gæti myndast svigrúm fyrir fleiri og hagkvæmari aðferðir til að takast á við loftslagsbreytingar. Þetta fæli í sér að unnt væri að ná loftslagsmarkmiðunum og gera fyrirtækjum kleift að standa við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum með því að binda koldíoxíð úr andrúmsloftinu á áreiðanlegan og gagnsæjan hátt sem þriðji aðili gæti lagt mat á og vottað.

Loftslagsstefna Evrópusambandsins greiðir ekki fyrir fjárfestingum fyrirtækja í kolefnisviðtökum þar sem sá ávinningur sem hlýst af þeim er ekki tekinn með í reikninginn hvað snertir losunarmarkmið og verslun með losunarheimildir, þrátt fyrir að gildi kolefnisviðtaka sé viðurkennt í sjálfu sér. Af þessu leiðir að fjárfestingar í aukinni skógrækt eru alls ekki í samræmi við þann ávinning sem hún gæti haft í för með sér. Í versta falli getur þetta einnig þýtt lakari samkeppnisstöðu fyrirtækja í tæknivæddum norrænum ríkjum í samburði við fyrirtæki í síður þróuðum löndum sem menga meira.

Ef fyrirtæki hefðu ávinning af að stuðla að því að loftslagsmarkmiðunum verði náð, með aðgerðum sem yrði að vera hægt að mæla og votta með vísindalegum hætti, hefðu þau hvata til að fjárfesta í auknum mæli í ýmsum lífmassaverkefnum. Þetta ætti einnig að vera framkvæmanlegt utan ESB sem gæti jafnvel leitt til uppsveiflu í samfélögum sem þegar eiga erfitt uppdráttar vegna loftslagsbreytinga. Til dæmis geta skógræktarverkefni sem sameina umbætur á jarðvegi og landbúnað orðið mikil lyftistöng fyrir búsetusvæði þar sem þurrkur og eyðimerkurmyndun eru vandamál. Einnig gæti þetta stemmt stigu við búferlaflutningum frá fátækari svæðum og tilheyrandi álagi á þau svæði sem flutt er til.

Leiði framtíðarstefna ESB í loftslagsmálum til þess að unnt verði að ná loftslagsmarkmiðunum með því að annars vegar draga úr losun og hins vegar kolefnisjafna losun með því að fjölga kolefnisviðtökum (einnig utan ESB) verður hægt að hleypa stórauðum krafti í baráttuna gegn loftslagsbreytingum og veita auknum úrræðum í fjölbreytilegri og hagkvæmari aðferðir sem skapa ný og umhverfisvæn sóknarfæri fyrir efnahagslífið, einkum í fátækustu löndunum, og skapa markaði fyrir norræn fyrirtæki með mikla þekkingu á málefnum skógræktar. Af ofantöldum ástæðum ættu norrænu löndin að mynda sér sameiginlega framtíðarsýn um hugsanlegt hlutverk kolefnisviðtaka og sameiginleg viðhorf til þess að nýting kolefnisviðtaka á breiðari grundvelli verði fléttuð inn í alþjóðlegar loftslagsviðræður og -samninga.



Við meðferð tillögunnar fékk nefndin heimsókn frá FORTUM sem m.a. hefur þróað lausnir sem gera upptöku og bindingu kolefnis mögulega.

Nefndin samþykkti að breyta tillögunni þannig að í henni felist tilmæli um að þróa viðskiptalíkön fyrir auknar fjárfestingar og öflugra samstarf á sviði bindingar og upptöku kolefnis í samstarfi við hlutaðeigandi aðila. Það endurspeglar einnig „Zero Carbon yfirlýsingu“ Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem því er m.a. lýst yfir að ráðherrarnir muni starfa saman með það að leiðarljósi að stuðla að þróun og nýtingu kolefnisviðtaka og þetta sameiginleg norræn viðskiptanet.

Álit nefndarinnar

Nefndin fagnar „Zero Carbon yfirlýsingu“ Norrænu ráðherranefndarinnar sem að mati nefndarinnar er metnaðarfull og setur markið hátt hvað varðar norrænt samstarf í framtíðinni í þágu kolefnishlutlausra Norðurlanda. Nefndin veitir því eftirtekt að samkvæmt yfirlýsingunni er stefnt að því að auka samstarfið og stuðla að þróun og notkun á „carbon captur and storage“ (CCS), „carbon capture and utilization“ (CCU) og „carbon capture and mineralisation“ (CCM) auk þess sem fram kemur vilji til að efla norræn viðskipta- og rannsóknarnet til að mæta alþjóðlegri eftirspurn.

Í því ljósi ber að skoða tillögu nefndarinnar um að bæta við tillögulið um að vinna með hlutaðeigandi aðilum að því að þróa viðskiptalíkön til að auka fjárfestingar og efla samstarf í tengslum við bindingu og upptöku kolefnis með langtíma verðmætasköpun í huga sem hlytist af þróun, prófun og innleiðingu aðferða við bindingu kolefnis. Nefndinni er kunnugt um að á örmálþingi Norðurlandaráðs um græna fjármögnun, sem norrænu umhverfisfjármögnunarstofnanirnar og lífeyrissjóðurinn ATP í Danmörku tóku þátt í, kom fram að ein stærsta áskorunin felst í ófullnægjandi umsóknum um verkefnastyrki.

Stokkhólmi, 29. október 2019

Anders Kronborg (S)
Angelika Bengtsson (SD)
Anna Vikström (S)
Anna-Kaisa Ikonen (saml)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Erling Bonnesen (V)
Janine Alm Ericson (MP)
Johan Andersson (S)
Karl Kristian Kruse (S)

Ketil Kjenseth (V)
Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)
Liselott Blixt (DF)
Mikko Kärnä (cent)
Tillie Martinussen (SP)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Ása Karlsson (S)
Åslaug Sem-Jacobsen (Sp)